



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Selfossi, 5. janúar 2026
2507004HS RS

Efni: Sorporkuver á Strönd - umsögn um umhverfismatsskýrslu

Þann 19. nóvember sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina, þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um kynningu umhverfismatsskýrslu vegna fyrirhugaðs sorporkuvers á Strönd í Rangárþingi ytra.

Áformað er að koma upp sorporkuveri á urðunarstaðnum Strönd í Rangárþingi ytra. Uppsett afl stöðvarinnar verður 1 MW til að byrja með og áætlað er að orkan verði framleidd með brennslu á allt að 2.500-3.000 tonnum af blönduðum úrgangi á ári. Möguleiki verður að tvöfalda vinnslugetu stöðvarinnar með því að bæta við brennslueiningu og því miðast umhverfismatið við allt að 6.000 tonna vinnslugetu og uppsett afl 2 MW. Megin tilgangur framkvæmdarinnar er að draga úr urðun og flutningi á úrgangi. Einnig er gert ráð fyrir að stöðin geti tekið við dýraleifum úr áhættuflokki 1 (og að vissu marki áhættuflokki 2).

Í umhverfismati voru metin áhrif framkvæmdarinnar á umhverfisþættina loftslag, loftgæði, jarðveg, hljóðvist og umferð, lykt, ásýnd og sjónræna þætti, samfélag og atvinnulíf. Að teknu tilliti til grunnástands, viðmiða, mögulegra umhverfisáhrifa og mótvægisáðgerða voru áhrif framkvæmdarinnar talin óveruleg og jákvæð á loftslag og samfélag og atvinnulíf, en áhrifin á loftgæði, jarðveg, hljóðvist og umferð, lykt, ásýnd og sjónræna þætti voru metin óveruleg og neikvæð.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda umhverfismatsskýrslu fyrir téða framkvæmd og telur að hún geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, þeim umhverfisþáttum og valkostum sem matið tók til sem og fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og vöktun á vegum framkvæmdaraðila. Embættið gerir hvorki athugasemdir við hvernig unnið var úr gögnum til að meta umhverfisáhrif, framsetningu niðurstaðna í skýrslunni né heldur niðurstöður umhverfismatsins.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Rán Sturlaugsdóttir

Rán Sturlaugsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík


Sauðárkrókur 2.01.2026
Tilvísun: 202601007

Málefni: Sörporkuver á Strönd nr. 0896/2025

Brunavarnasviði Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar barst umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun varðandi mat á umhverfisáhrifum vegna sörporkuvers á Strönd. Umsögn er gefin í samræmi við 23. gr. laga nr. 111/2021.

Brunavarnasvið HMS gerir ekki athugasemdir við mat á umhverfisáhrifum og telur umhverfismatsskýrslu fullnægjandi.

Virðingarfyllst,
f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar


Grétar Þór Þorsteinsson,
Sérfræðingur á Brunavarnasviði

Skipulagsstofnun
b.t Sigurðar Ásbjörnssonar
Borgartún 7b
105 Reykjavík

19. desember 2025
UOS2511154/A.Ö.H

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Umhverfismatsskýrsla – Sorporkuver á Strönd, Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 19. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um ofangreinda umhverfismatsskýrslu.

Framkvæmdarlýsing

Áformað er að reisa sorporkuver með tveimur brennsluofnum við urðunarstaðinn á Strönd í Rangárþingi ytra, þar sem Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. er með aðstöðu. Til stendur að nýta þá innviði sem þegar eru til staðar á svæðinu.

Verkefninu verður skipt í tvo áfanga, þar sem einn ofn verður settur upp í hvorum áfanga. Þegar báðir ofnar verða í rekstri verður uppsett afl 2 MW þar sem miðað er við að 6.000 tonn/ári af blönduðum úrgangi og aukaafurðir dýra verða brenndar. Áætluð orkuframleiðsla verður allt að 16.000 MWh af heitu vatni á ári.

Veitur hafa lýst yfir áhuga á að kaupa orkuna og nýta hana við að hækka hitastig jarðhitavatns til húshitunar.

Vatnamál

Umhverfis- og orkustofnun benti á í umsögn sinni við matsáætlun sömu framkvæmdar að engar upplýsingar voru um áhrif af starfsemi brennsluofnanna á nærliggjandi vatnshlot. Framkvæmdaraðili tók fram í viðbrögðum sínum við umsögn Umhverfis- og orkustofnunar við matsáætlun, að „Í umhverfismatsskýrslu verður bætt við sérstökum kafla um vatnsnotkun stöðvarinnar og möguleg áhrif á vatnshlot“.¹

¹ [Viðbrögð framkvæmdaraðila við umsögnum við matsáætlun](#)

Í kafla 4.7.2 kemur fram: „Ekki er gert ráð fyrir losun úrgangsefna í fráveitu frá sörporkuverinu. Stöðin notar ekki vatn og þarfnast því ekki tengingar við fráveitu.“

Umhverfis- og orkustofnunar bendir á að umfjöllunin um áhrif á vatn mætti vera ítarlegri og í samræmi við vatnaáætlun og lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, t.d. sé óljóst hvort að eitthvað vatn verði notað við þrif á búnaði s.s. færiböndum eða inntakskvörn.

Öll vatnshlot eru með umhverfismarkið og eru þau lagalega bindandi.

Ástand vatnshlota má því ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega vegna framkvæmda eða starfsemi. Stofnunin hefur gefið út leiðbeiningar² um hvernig skuli framkvæma áhrifamat fyrir vatnshlot.

Niðurlag

Umhverfis- og orkustofnun tekur undir þá niðurstöðu að framkvæmdin eins og henni er lýst í umhverfismatsskýrslunni muni líklegast hafa óveruleg áhrif á þá umhverfispætti sem taldir eru upp í kafla 8.1. Hinsvegar bendir stofnunin á að gera þarf betur grein fyrir mögulegum áhrifum fyrirhugaðrar starfsemi á vatnshlot í samræmi við lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun.

Virðingarfyllst,

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur

Arnar Össur Harðarson

sérfræðingur

² [Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot](#)

Ferill fundarbókana er varða erindið:

Málsnúmer: 2506094
Málsheiti: Sorporkuver á Strönd. Kynning matsáætlunar.
Málsaðili: Skipulagsstofnun
Skráð af: Haraldur Birgir Haraldsson
Ábyrgðaraðili: Haraldur Birgir Haraldsson

Fundur: Sveitarstjórn Rangárþings ytra - 50 (10.12.2025) - Sorporkuver á Strönd. Kynning matsskýrslu

Dags: 10.12.2025

Inngangur: Uppi eru áform um að koma upp sorporkustöð með orkuvinnslu (sorporkuveri) á urðunarstaðnum á Strönd í Rangárþingi ytra. Stöðin kemur til með að brenna úrgangi í ákveðnum flokkum og varminn sem fæst með brennslunni verður nýttur til að efla hitaveituna á svæðinu. Lögð er fram Umhverfismatsskýrsla til kynningar. Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Rangárþings ytra og er frestur til að skila inn umsögn til og með 2.1.2026.

Niðurst.: Lagt til að niðurstaða skipulags- og umferðarnefndar verði samþykkt. Samþykkt samhljóða.

Fundur: Skipulags- og umferðarnefnd Rangárþings ytra - 56 (4.12.2025) - Sorporkuver á Strönd. Kynning matsskýrslu

Dags: 04.12.2025

Inngangur: Uppi eru áform um að koma upp sorporkustöð með orkuvinnslu (sorporkuveri) á urðunarstaðnum á Strönd í Rangárþingi ytra. Stöðin kemur til með að brenna úrgangi í ákveðnum flokkum og varminn sem fæst með brennslunni verður nýttur til að efla hitaveituna á svæðinu. Lögð er fram Umhverfismatsskýrsla til kynningar. Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Rangárþings ytra og er frestur til að skila inn umsögn til og með 2.1.2026.

Niðurst.: Skipulags- og umferðarnefnd telur skýrsluna gefa góða mynd af áformum og mótvægisáðgerðum vegna mögulegrar mengunar. Nefndin telur að sorporkuver á Strönd stuðli að jákvæðum áhrifum á samfélagið.

Fundur: Sorpstöð Rangárvallasýslu bs - 249 (25.8.2025) - Sorporkuver á Strönd. Kynning matsáætlunar.

Dags: 25.08.2025

Inngangur:

Niðurst.: Lögð fram drög að svari vegna umsagna sem bárust vegna matsáætlunar vegna fyrirhugaðs sorporkuvers. Stjórn gerir ekki ekki athugasemdir við svörin og felur ráðgjafa að vinna málið áfram. Samþykkt samhljóða.

Fundur: Byggðarráð Rangárþings ytra - 40 (9.7.2025) - Sorporkuver á Strönd. Kynning matsáætlunar.

Dags: 09.07.2025

Inngangur: Uppi eru áform um að koma upp sorporkustöð með orkuvinnslu (sorporkuveri) á urðunarstaðnum á Strönd í Rangárþingi ytra. Stöðin kemur til með að brenna úrgangi í ákveðnum flokkum og varminn sem fæst með brennslunni verður nýttur til að efla hitaveituna á svæðinu. Lögð er fram matsáætlun til kynningar. Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Rangárþings ytra og er frestur til að skila inn umsögn til og með 29.7.2025.

Niðurst.: Lagt til að niðurstaða skipulags- og umferðarnefndar verði samþykkt. Samþykkt samhljóða.

Fundur: Skipulags- og umferðarnefnd Rangárþings ytra - 46 (3.7.2025) - Sorporkuver á Strönd. Kynning matsáætlunar.

Dags: 03.07.2025

Inngangur: Uppi eru áform um að koma upp sorporkustöð með orkuvinnslu (sorporkuveri) á urðunarstaðnum á Strönd í Rangárþingi ytra. Stöðin kemur til með að brenna úrgangi í ákveðnum flokkum og varminn sem fæst með brennslunni verður nýttur til að efla hitaveituna á svæðinu. Lögð er fram matsáætlun til kynningar. Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Rangárþings ytra og er frestur til að skila inn umsögn til og með 29.7.2025.

Niðurst.: Skipulags- og umferðarnefnd gerir engar athugasemdir við framlagða matsáætlun.

Minjastofnun Íslands

[Þór Ingólfsson Hjaltalín](#)

Umsögn birt **5.12.2025**

Undirritaður hefur kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og gerir ekki athugasemdir.
f.h Minjastofnunar Íslands,
Þór Ingólfsson Hjaltalín

Veitur

[Helga Rún Guðmundsdóttir](#)

Umsögn birt **25.11.2025**

Veitur hafa kynnt sér tillöguna og gera ekki athugasemdir að svo stöddu. Við leggjum þó áherslu á áframhaldandi gott samráð og samstarf um verkefnið.